

## Samráðsfundur

**Dags:** 8. Sept. 2008, kl. 13:30

**Aðili:** Náttúruverndarsamtök Íslands

Fulltrúar: Árni Finnsson

Tengiliðir:

**Viðstaddir stjórnarmenn:** Svanfríður Jónasdóttir, Kristín Linda Ásgeirsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir og Tómas Þór Tómasson.

1. ÁF kynnti sig og feril sinn innan náttúruverndargeirans.
2. Mat hans var að vinna í faghópi 1 í 1. áfanga hafi að mörgu leyti verið vel unnin og hópurinn unnið gott starf. Niðurstaðan hefði þó eki haft neitt formlegt gildi. Hann liti svo á að vinna 1. áfanga hafi aðeins verið „pólítískur biðleikur“, fyrst og fremst fyrir tilstilli Framsóknarflokksins. Hann liti enn svo á að stjórnámálamenn að fara a svig við friðun. Spurði hvort 2. áfangi sé ekki samskonar biðleikur Samfylkingarinnar.
3. ÁF sagði stjórn samtaka sinna taka ekkert mark á Rammaáætlun. Hreinlegast væri að fá yfirlýsingu frá ríkisstjórninni um það eigi að virkja allt sem hægt er, byggja 2 ný álver og stækkun í Straumsvík (sem kallar á 11-1200 megavött). Rammaáætlun væri bara „potemkin-tjöld“ ríkisstjórnarinnar og blekkingarleikur þar sem einungi „rest“ yrði sett í mat. „Tökum ekki mikið mark á rammaáætlun í þetta sinn því stjórnin ætlar að halda sínu fram hvað sem öllu mati líður. “Verkefnastjórnin ætti við „trúverðuleikavandamál“ en það væri „ekki ykkur að kenna en þið skuluð rapportera til ykkar raðherra, fyrst og fremst iðnaðar- og umhverfisráðherra.“
4. Formaður verkefnastjórnar sagðist þó vonast til að geta átt samtali við Náttúruverndarsamtökin og unnið með þeim. Hann kynnti væntanlega faghópa sem myndu leita liðsinnis sérfræðinga. ÁF svaraði: „Treystum okkur alveg í samráð ef eitthvað er upp úr því að hafa. ... Við erum svo hrædd um að umhverfismálin, með umhverfisráðherra í fararbroddi, verði undir. ... Iðnaðarráðherra valtar yfir umhverfisráðherra. ... Þurfum að fá fullvissu um að um verði að ræða einhverja heildræna lausn til framtíðar. ... Er einhver samstarfsflötur við stjórnvöld? Held ekki....“
5. ÁF fullyrti að meginreglur umhverfisréttar hafa ekki verið lögfestar á Íslandi; í fyrsta lagi varúðarrétturinn/þáttökureglan þar sem Ísland hefur ekki fullgilt Árósar-samþykktina og í öðru lagi heldur .... tilskipun frá ES (?). Árni kallaði eftir útspili frá iðnaðar- og umhverfisráðherra um að „þetta væri eitthvað að marka. Á að vernda eitthvað? Er þetta bara ávísanir á virkjanir. Þurfum að hafa vonir um að einhvers sé að vænta. Árni sagði einnig að náttúruverndarsamtök þyrftu að fá sterkari fulltrúa inn í verkefnastjórnina.
6. ÁF sagðist treysta aðferðafræðinni vel og vísindamönnum einnig. Áréttaði áhyggjur sínar um það hvernig pólítíkusar fari með vísindalega nálgun.

7. Niðurstaðan verður að kalla á breiða pólitíska samstöðu og að allir stjórnmálaflokkar styðji hana.
8. Að mati ÁF vantaði inn í matið:
  - a. að tiltaka „náttúruverndargildi“ (conservation value) einstakra svæða. Hvernig er hægt að meta land til fjár. Nauðsynlegt er að fyrir liggi verðgildi náttúrunnar (t.d. skv. „contingency valuation method“).
  - b. Vantar algerlega hagfræðilega nálgun á virkjunarkostum. „Nóg sé af náttúrufræðingum, jarðfræðingum og verkfræðingum en engir hagfræðingar.“
9. Áf álitu að stefnan í vökrkunarmálum síðustu tíu ár hafi í raun snúist um „allt eða ekkert“.
10. Lokaorð ÁF voru „Þetta er pólitískt...“